



2010

Starfsskilyrði, framtíðarsýn og uppbygging sprotafyrirtækja á Íslandi


SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

SI
Samtök iðnaðarins



Sprotar í stafni hagvaxtar skila þjóðfélaginu verulegum árangri



2010

Yfirlit

1. **Hvað er sprotafyrirtæki?**
 - Stefnumótunarvinna
 - Skilgreiningin á sprotafyrirtæki

2. **Framtíðarsýn SSP – og forsendur**
 - Framtíðarsýn
 - Forsendur árangurs

3. **Staðan í dag varðandi sprota**
 - Hvernig tryggjum við að sproti lifi af?

4. **Framtíðin**
 - Hvað þarf til?
 - Hvernig tryggjum við betri árangur?

Sprotar í stafni hagvaxtar skila þjóðfélaginu verulegum árangri



2010

Vinnuferli



SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA



Samtök iðnaðarins

1. **Hugmyndaregn** um framtíðarsýn og afgerandi forsendur
2. **Samantekt kvikmyndahandrits** sem lýsir framtíðarsýninni og þeim forsendum sem þurfa að vera fyrir hendi til að gera hana að veruleika
3. **Skilgreining aðgerða/verkefna** sem fært geta greinina nær framtíðarsýninni og bætt forsendur hennar
4. **Forgangsröðun** aðgerða

Sprotar í stafni hagvaxtar skila þjóðfélaginu verulegum árangri



2010

Þátttakendur

Forsvarsmenn rúmlega 30 sprota-
fyrirtækja úr ólíkum starfsgreinum s.s.:

- **upplýsingatækni**
- **líftækni**
- **orkutækni**
- **heilbrigðistækni**
- **véltækni og**
- **byggingartækni**

Sprotar í stafni hagvaxtar skila þjóðfélaginu verulegum árangri



2010

Sprotafyrirtæki?

SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

SI

Samtök iðnaðarins

Sprotafyrirtæki eru venjulega sprottin upp úr rannsókná- eða þróunarverkefnum einstaklinga, þróunarhópa, háskóla, rannsóknastofnana eða annarra fyrirtækja og byggjast á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi.

Gengið er út frá því viðmiði að árlegur þróunarkostnaður sprotafyrirtækja sé að jafnaði yfir 10% af veltu.

Fyrirtæki hættir að teljast sprotafyrirtæki þegar það hefur verið skráð í kauphöll sem öflugt tæknifyrirtæki eða náð árlegri veltu sem nemur einum milljarði íslenskra króna.

Sprotar í stafni hagvaxtar skila þjóðfélaginu verulegum árangri



2010


Skilgreining sprota (hátækni)



SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA



Samtök iðnaðarins



Sprotar í stafni hagvaxtar skila þjóðfélaginu verulegum árangri



2010



SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

SI

Samtök iðnaðarins


Framtíðarsýn og stefnumótun sprotafyrirtækja til ársins 2010



Sprotar í stafni hagvaxtar skila þjóðfélaginu verulegum árangri



2010



Meginmarkmið –Árangur

1. “Þekkingarlandið Ísland:” Fjölbreytt flóra arðvænlegra sprotafyrirtækja í starfsumhverfi í fremstu röð
2. Arðsöm háteknifyrirtæki byggð á sterkum sprotum og íslensk vörumerki leiðandi á sérsviðum á alþjóðlegum markaði
3. „Sprotafyrirtæki í stafni hagvaxtar” - skila þjóðfélaginu verulegum ávinningi

Sprotar í stafni hagvaxtar skila þjóðfélaginu verulegum árangri



2010

1. "Þekkingarlandið Ísland:" Fjölbreytt flóra arðvænlegra sprotafyrirtækja í starfsumhverfi í fremstu röð

SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

Samtök iðnaðarins



Ísland hefur skapað sér nafn á alþjóðlegum vettvangi sem „þekkingarland“ þar sem sprotafyrirtæki vaxa og dafna hraðar og betur en víðast hvar annars staðar í heiminum. Fjöldi nýrra sprotafyrirtækja, bæði í eigu Íslendinga og erlendra aðila, hefur tekið til starfa hér á landi undanfarin ár.

Sprotafyrirtæki hafa sannað gildi sitt sem góður fjárfestingarkostur og eiga nú aðgang að fjölbreyttri fjármögnun. Uppbyggingartími þeirra hefur styst og afföll minnkað verulega frá því sem áður var.

Starfsumhverfi sprotafyrirtækja á Íslandi er með því besta sem þekkist í heiminum. Markvissar aðgerðir hagsmunaaðila hafa gert þetta kleift auk þess sem fjármálafyrirtæki sjá ávinning í að fjármagna nýsköpunarfyrirtæki.

Það er því bæði álitlegt og arðvænlegt fyrir ungt fólk með athafnaþrá að mennta sig í vísindum og tæknigreinum til að stofna sprotafyrirtæki og starfa í þeim. Sprotafyrirtækin eru eftirsóknarverðir vinnustaðir og þar starfa nú þúsundir vel menntaðra starfsmanna í ólíkum starfsgreinum. Þetta endurspeglar breytta samsetningu íslensks atvinnulífs þar sem störfum í tæknigreinum fer hlutfallslega fjölgandi.

Öflugur sporti – góður fjárfestingarkostur



2010

2. Arðsöm hátæknifyrirtæki byggð á sterkum sprotum og íslensk vörumerki leiðandi á sérsviðum á alþjóðlegum markaði

SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

SI

Samtök iðnaðarins



Nú eru á annan tug öflugra hátæknifyrirtækja á Íslandi í forystu á heimsvísu á sérsviðum sínum. Arðsemi hátæknifyrirtækja, sem áður voru sprotar, er almennt mun meiri en annarra fyrirtækja. Undanfarin sex ár hefur að jafnaði eitt sprotafyrirtæki náð því marki að velta einum milljarði á ári og skila sér inn á almennan hlutabréfamarkað en nú stefnir í að þau verði tvö á ári að meðaltali eftir 2010.

Íslensk hátæknifyrirtæki á alþjóðamarkaði hafa stóraukið útflutning og framleiðni sína. Gjaldyrstekjur af starfsemi tækni- og sprotafyrirtækja hafa aukist til muna og nema nú 10% af heildargjaldyrstekjum þjóðarinnar. Aukin gróska hátæknifyrirtækja og útrás hafa lækkað viðskiptakostnað fyrirtækja hérlendis en hann er með því lægsta sem þekktist í nágrannalöndunum.

Gagnvirkir vöru- og þjónustuvefir eru undirstaða alþjóðlegs samstarfs íslenskra tækni- og sprotafyrirtækja. Fjöldmörg íslensk vörumerki hafa haslað sér völl á alþjóðlegum markaði.

Tvö ný tæknifyrirtæki á ári með yfir milljarð í veltu



2010

3. „Sprotafyrirtæki í stafni hagvaxtar“ - skila þjóðfélaginu verulegum ávinningi



Hátæknifyrirtæki eru ein af meginstoðum íslensks útflutnings. Þetta hefur leitt til sívaxandi hagvaxtar og Ísland hefur skipað sér í fremstu röð varðandi samkeppnishæfni og góð starfsskilyrði.

Sprotafyrirtæki skipa vel skilgreindan og verðugan sess í íslensku atvinnulífi og mikilvægi þeirra er viðurkennt að lögum, m.a. skattalögum. Seðlabanki og Hagstofa fylgjast stöðugt með sprotavísitölu sem mælikvarða á væntanlegan framtíðarhagvöxt.

Sérhæfð tækniþekking í forystu á heimsmarkaði



2010

Árangursþættir



1. Samstarf sprotafyrirtækja um sameiginlega hagsmuni
2. Fjárfestar og stuðningsaðilar sprotafyrirtækja uppskera eins og þeir sá
3. Stöðugleiki og hvetjandi starfsskilyrði
4. Þekking, góð stjórnun og öflug markaðssetning
5. Lifandi rannsóknastarf öflugra þekkingarfyrirtækja, rannsóknastofnana og háskóla
6. Öflugt alþjóðlegt samstarf, byggt á þekkingu og sérstöðu



2010

1. Samstarf um sameiginlega hagsmuni



Stofnuð hafa verið Samtök sprotafyrirtækja (SSP) innan SI. Þau eru samstarfsvettvangur sem hefur það að markmiði að gæta hagsmuna sprotafyrirtækja í öllum greinum og vera sameiginlegur vettvangur um nýsköpunar- og þróunarmál. Hlutverk vettvangsins er m.a. að sinna samstarfi fyrirtækjanna á sviði útflutnings og kynningarmála, fræðslu og menntunarmála, auk fjármögnunar nýsköpunar- og þróunarstarfs.


Fjölþætt samstarf er til staðar milli þeirra aðila sem hafa áhrif á árangur í uppbyggingu tækni- og sprotafyrirtækja í virkum tengslum við fyrirtækin og samtök þeirra.

Fjölþætt samstarf sprotafyrirtækja



2010

2. Fjárfestar og stuðningsaðilar sprotafyrirtækja uppskera eins og þeir sá



Ferlið frá rannsóknum til reksturs sprotafyrirtækja er vel þekkt og skilvirkt. Frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum stendur til boða leiðsögn reyndra ráðgjafa sem geta veitt faglega leiðsögn á ólíkum fagsviðum og þróunarskeiðum fyrirtækjanna.

Fjármálaumhverfi sprotafyrirtækja hefur tekið stakkaskiptum og skilar mun meiri árangri en áður. Nýir fjárfestingarsjóðir hafa bætt mjög aðkomu banka, lífeyrissjóða og annarra fjármögnunaraðila að sprotafyrirtækjum. Þá leggja bankarnir sig fram um að sinna þörfum sprotafyrirtækja þannig að árangur er í hámarki.

Með aukinni þátttöku lífeyrissjóða og markvissari nýtingu opinbers fjárframlags til að fjármagna rannsókn- og þróunarstarfsemi, hefur þolinmæði og einurð fjárfesta til að byggingja upp sprotafyrirtækja aukist. Skattalegir hvatar og styrkir eru nýttir til að skapa mótvægi við áhættu fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum.

Opinberu fjármagni til nýsköpunar er fyrst og fremst beint inn í fyrirtækin á samkeppnisgrunni. Hvatt er til samstarfs rannsóknastofnana og fyrirtækja á forsendum fyrirtækjanna þannig að afrakstur hámarkist þegar litið er til lengri tíma. Bein samkeppni rannsóknastofnana og sprotafyrirtækja um takmarkaða styrki til rannsókn- og þróunarverkefna heyrir nú sögunni til.

Þá eru umtalsverðir fjármunir lagðir í samstarfsvettvanga sem miða að því tengja þarfir notenda og lausnir þróunaraðila í sterkum þekkingarklössum, s.s. á sviði heilbrigðistækni, matvæla- og sjávarútvegstækni, orku- og véltækni, byggingartækni, líftækni, upplýsingatækni, örtækni og hönnunar.

Þolinmæði og einurð lífeyrissjóða og fjárfesta



2010

3. Stöðugleiki og hvetjandi starfsskilyrði



Starfandi er eitt deildaskipt atvinnuvegaráðuneyti sem endurspeglar þarfir fjölbreytts og samkeppnishæfs atvinnulífs. Langtímastefnumótun stjórnvalda í atvinnu-, þróunar- og menntamálum tekur mið af þörfum atvinnulífsins og fulltrúar atvinnulífsins hafa tekið virkan þátt í þeirri stefnumótun. Þetta hefur aukið skilning stjórnvalda á aðstæðum fyrirtækja í vaxandi alþjóðlegri samkeppni.

Innviðir hagkerfisins hafa verið byggðir upp í samræmi við langtímastefnumótun þar sem tekið hefur verið tillit til þarfa sprotafyrirtækja. Skattkerfið hefur m.a. verið endurskipulagt með tilliti til þarfa nýsköpunarfyrirtækja og fjármögnun þeirra með hvetjandi fyrirkomulagi.

Þá hafa opinberar stofnanir úthýst eða boðið út þjónustustarfsemi sem fyrirtæki á markaði veita.

Framúrskarandi starfsumhverfi



2010

4. Þekking, góð stjórnun og öflugt markaðsstarf



Sprotafyrirtækin byggja starfsemi sína á rannsóknum og tækniþekkingu svo og góðri þekkingu stjórnenda og starfsfólks á gæðamálum, markaðsmálum, framleiðslu- og verkefnastjórnun. Skráning þekkingarverðmæta hefur verið samræmd og þekkingarskýrsla fylgir ársuppgjöri sprotafyrirtækja sem liður í því að gera verðmæti þeirra sýnilegri á markaði.

Opinberir aðilar, einkageirinn og sprotafyrirtæki hafa sameinast um samstarfsvettvanga í markaðs- og þróunarmálum í ólíkum greinum. Útflutningsráð Íslands, viðskiptafulltrúar og sendiráð víðs vegar um heim aðstoða sprotafyrirtæki við að markaðsetja vöru og hugmyndir á markvissan hátt.

Íslensk fyrirtæki og stjórnvöld hafa skapað forsendur fyrir kynningu á afurðum fyrirtækjanna erlendis m.a. með þátttöku í verkefnum í þróunarlöndum. Íslensk utanríkisþjónusta byggist að mestu á stuðningi við markaðsstarf íslenskra fyrirtækja erlendis.

Þekking, þróun og alþjóðlegt markaðsstarf



2010

5. Lífandi rannsóknastarf öflugra þekkingar- fyrirtækja, rannsóknastofnana og skóla

SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

Samtök iðnaðarins



Kennsla á háskólastigi tekur mið af því að atvinnulífið þróast hratt í krafti nýsköpunar, nýrra atvinnufyrirtækja, vara og þjónustu. Sprotar og tæknifyrirtæki eiga greiðan aðgang að fagfólki með þekkingu á öllum helstu tæknisviðum svo og í útflutnings- og frumkvöðlafræðum. Nemendur á öllum skólastigum kynnast hugmyndafræði nýsköpunar, forsendum útflutnings og meginatriðum í sölumennsku og markaðssókn.

Öflugir viðskipta- og tækniháskólar eru tengiliðir íslensks atvinnulífs við alþjóðlega tækni- og vísindapróun. Íslenskir háskólar standast samanburð við bestu erlenda skóla og eru í góðum tengslum við fyrirtæki og rannsóknastofnanir í landinu. Íslendingar læra sífellt af eigin reynslu og endurmeta aðferðir sínar. Í krafti þessa mælist nýsköpunarstig hátt.

Þekkingarþorp eru aflstöðvar sprotafyrirtækja og opinn vettvangur hugmynda og lausna. Þar eru tækni- og þróunarsetur alþjóðlegra hátæknifyrirtækja, rannsóknastofnanir atvinnuveganna, viðskipta- og tækniháskólar og sérhæfð nýsköpunarsetur í árangursríku samstarfi.

Skráning einkaleyfa frá Íslandi hefur farið ört vaxandi. Rík áhersla er lögð á slíka skráningu í rannsókn- og þróunarstarfsemi á Íslandi.

Þekking, þróun og alþjóðlegt markaðsstarf



2010

6. Öflugt alþjóðlegt samstarf, byggt á þekkingu og sérstöðu.



SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA



Samtök iðnaðarins



Íslendingar hafa gert sér grein fyrir því samkeppnisforskoti sem felst sérstöðu lands og þjóðar og markað sér stefnu til að hagnýta það forskot.

Íslensk tækni- og sprotafyrirtæki hafa náð góðum árangri á alþjóðlegum markaði með auknu samstarfi. Sprotafyrirtæki taka þátt í hundruðum rannsókna- og þróunarverkefna hér á landi og erlendis. Erlend tæknifyrirtæki vinna með innlendum sprotafyrirtækjum að lausnum þar sem sérstaða og þekking Íslendinga nýtast vel.

Stoðkerfi útflutnings styður uppbyggingu íslenskra vörumerkja og viðskiptahugmynda sem eiga erindi á alþjóðamarkað. Veittir eru styrkir sem stuðla að því að framsækin sprotafyrirtæki komast fyrr en ella á alþjóðlegan markað með því að tengja þau alþjóðlegu fjármagni og samstarfsnetum með kerfisbundnum hætti.

Árið 2010 er aðild Íslands að ESB og upptaka EVRU fyrirsjáanleg.

Þekking, þróun og alþjóðlegt markaðsstarf



2010

Helstu verkefni




SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

SI

Samtök iðnaðarins

1. Stofnun samtaka sprotafyrirtækja – Öflugur samstarfsvettvangur sprotafyrirtækja
2. Skilgreining sprotafyrirtækja að lögum
3. Skapa skilning á mikilvægi nýsköpunarstarfsemi
4. Bætt fjármögnunarumhverfi – tryggja fjármagn í nýsköpun
5. Virkja lífeyrissjóði til aðkomu að sprotafyrirtækjum
6. Endurskipulagning á opinberu stoðkerfi
 - Efling Tækniþróunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs til aðkomu að sprotafyrirtækjum
7. Eitt atvinnuvegaráðuneyti - sameining rannsóknastofnana atvinnuveganna
8. Háskólar og rannsóknastofnanir - hlutverk og starfsaðferðir - öflugur tækni- og viðskiptaháskólar og þekkingarþorp
9. Skattalegir hvatar til nýsköpunar og fjárfestingar í sprotafyrirtækjum
10. Árlegt þing sprotafyrirtækja þar sem fjallað er um starfsskilyrði og stöðu sprotafyrirtækja.



Látum verkin tala

- Hvað er sprotafyrirtæki
 - stefnumótunarvinna
 - skilgreiningin á sprotafyrirtæki
- Framtíðarsýn SSP – og forsendur
 - framtíðarsýn
 - forsendur árangurs
- Staðan í dag varðandi sprota
 - hvernig tryggjum við að sproti lifi af
- Framtíðin
 - hvað þarf til
 - hvernig tryggjum við betri árangur



2010

Brýn verkefni, stuðningsumhverfi



Samtök sprotafyrirtækja telja að:

- Veita eigi mun hærra hlutfalli af því fé sem fer í rannsóknir og þróun í gegnum samkeppnissjóði eins og t.d. sjóði RANNIS.
 - Það þarf að minnsta kosti 2 milljarða á ári í markvissa uppbyggingu hátækniiðnaðar
- Gera eigi lífeyrissjóðum kleift að taka þátt í uppbyggingu sprotafyrirtækja með þolinmóðu fjármagni
- skoða þurfi á hvern hátt er hægt að styðja betur við útflutningsstarfssemi sprotafyrirtækja



2010


Fjármögnun sprotafyrirtækja



SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA



Samtök iðnaðarins





2010


Fjármögnun sprotafyrirtækja



SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

SI

Samtök iðnaðarins





2010

Samtök sprotafyrirtækja telja að:

- Í nútímasamfélagi sé háskólamenntað starfsfólk innan fyrirtækjanna forsenda fyrir uppbyggingu hátækni-iðnaðar.
- Að skoða þurfi tilgang rannsóknarstofnana ríkisins í nýju ljósi og þá hvaða hlutverki þær komi til með að gegna í uppbyggingu hátækni-iðnaðar
- Huga þurfi að sameiningu atvinnuvegaráðuneyta



2010

Samtök sprotafyrirtækja leggja áherslu á:

- Að stefnt verði markvisst að því að til verði einn öflugur raungreinaháskóli – jafnvel með samruna við stofnanir
 - Mikilvægt er að sprotafyrirtækin hafi greiðan aðgang að slíkum skóla þannig að hann verði virkur þátttakandi í uppbyggingu hátækniíðnaðar.
- Að hugað verði að tengslum tækni- og viðskiptagreina svo sem í sambandi við markaðssetningu tækniáfurða á alþjóðamarkaði.



2010

Yfirlit

- Hvað er sprotafyrirtæki
 - stefnumótunarvinna
 - skilgreiningin á sprotafyrirtæki
- Framtíðarsýn SSP – og forsendur
 - framtíðarsýn
 - forsendur árangurs
- Staðan í dag varðandi sprota
 - hvernig tryggjum við að sproti lifi af
- **Framtíðin**
 - **hvað þarf til**
 - **hvernig tryggjum við betri árangur**



2010


Fjármögnunarferli



SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

SI

Samtök iðnaðarins





2010


Tæknimenntun



SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA



Samtök iðnaðarins





2010

Aðhlygning sprota



SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

SI

Samtök iðnaðarins


Aðilar komi strax að verkefni

Tryggja að ekki vanti fjármagn í þróunarferlinu

Sjóðir styðji með ábyrgðum og lánnum

Banki komi að fyrirtækinu í upphafi og hafi sveiflujafnandi hlutverk.

Útflutningsráð og fjárfestar kynnist sprotanum snemma.





2010

SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA


Samtök iðnaðarins

Framtíðarsýn sprotafyrirtækja

Nr.	Aðgerð/verkefni:	Vægi											Samtals	Ertunýr áætur 2009/04	Unirgáttar (LMS-023)	Förgræðni (D) Örnastí fög	
		F 1	F 2	F 3	F 4	A 1	A 2	A 3	A 4	A 5	A 6						
	Mat á stöðu framtíðarsýnar og forsendna (0-4)	1	1	1	2	1	1	0	2	1	1						
1	Fjármögnun																
1.01	Sprotamarkaður - skammtímavinningur - skattahvati - langtímafjárfesting	3	7	1	3	3	3	0	1	1	0	20	0,0	3	7,2		
1.02	Bætt fjármögnunarmhverfi/lobbýsti	1	7	7	3	1	7	7	1	1	7	37	0,0	2	7,9		
1.03	Skattaafsláttur v/nyskópunar	1	3	7	7	0	7	7	1	1	3	33	0,0	1	8,1		
1.04	Með hvaða hætti er hægt að auðvelda tækjakaup hjá fjármögunarfyrirtækjum	1	1	0	1	0	3	0	1	1	1	8	3,0	1	4,5		
1.05	Kortlagning á stuðningi úr mögulegum þróunarsjóðum	1	7	0	1	0	3	0	1	1	3	15	1,0	1	5,2		
1.06	Virkja lífeyrissjóði til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum	3	7	3	7	0	7	3	1	1	3	31	1,0	1	8,7		
1.07	Niðurfelling vörsluskatta sprotafyrirtækja	1	3	0	0	0	7	0	1	1	3	14	0,0	2	3,9		
1.08	Tryggt fjármagn í nyskópun	3	7	7	7	0	7	7	1	1	7	42	0,0	3	8,9		
1.09	Stofnun sjóðasjóðs (Fund of Funds)	3	1	1	7	0	0	1	1	1	3	16	1,0	3	5,3		
1.10	Efling tækniþróunarsjóðs sprotafyrirtækja	3	7	7	7	0	7	7	1	1	7	42	1,0	2	8,3		
1.11	Endurskoðun á tilgangi og starfsemi Nyskópunar sjóðs	1	7	3	3	0	7	3	1	1	3	26	1,0	2	7,7		
1.12	Aðkoma banka að srotafyrirtækjum breytt	3	3	1	3	0	7	1	1	1	3	20	0,0	2	6,1		
2,00	Stuðningur - aðstaða																
2.01	Endurskipulagning á opinberu stöðkerfi	1	7	7	3	0	7	7	3	3	7	40	0,0	1	8,5		
2.02	Þróunar- og fjármögnunaraðferðafræði srotafyrirtækja í dag	1	3	3	1	0	7	3	3	7	3	27	1,0	2	6,2		
2.03	Hugarflugstundur srotafyrirtækja vs. forystumenn stjórnflokka og alþingism.	1	7	0	3	1	7	0	1	7	3	26	0,0	1	6,1		
2.04	Einkavæðing srotafyrirtækja - ekki ríkisvæðing	3	3	0	0	0	7	3	1	0	3	20	0,0	1	4,9		
2.05	Háskólar og rannsóknastofnanir - hlutverk og starfsaðferðir (gagnv. sprotaf)	1	3	3	7	0	7	3	7	7	7	39	0,0	2	7,1		
2.06	Eitt atvinnuvegaráðuneyti - sameining rannsóknastofnana atvinnuveganna	1	7	3	7	0	3	7	1	7	3	34	1,0	1	7,3		
2.07	Samanburður á aðstoðu og stuðningi við srotafyrirtæki í nágrennanöndum	1	3	3	3	0	3	3	1	3	3	20	1,0	1	5,4		
2.08	Framlag framtaksjárfr. til srotafyrirt. ráði miklu um styrk og lánv. f/öpinb. aðilum	1	1	0	7	0	7	0	1	1	3	18	0,0	1	4,7		
2.09	Handbók á vefnum um stofnun og rekstur srotafyrirtækja	1	3	3	3	0	1	3	3	3	3	20	1,0	2	5,9		
2.10	Greining á eðli hátækni srotafyrirtækja og stefnumótun	1	3	1	3	1	3	1	7	7	3	26	1,0	1	6,9		
2.11	Sköpun skilning á mikilvægi nyskópunarstarfsemi	1	3	7	7	0	3	7	3	3	3	33	1,0	3	8,1		
2.12	Aðstoð við Evrópuverkefni	1	1	0	3	0	7	1	1	1	7	19	2,0	2	5,6		
3	Markaðsmál																
3.01	Alþjóðlegur vörufur srotafyrirtækja	1	3	0	7	1	0	0	3	1	3	17	2,0	2	5,5		
3.02	Vitundarvakning um mikilvægi srotafyrirtækja	1	3	3	3	0	1	3	3	7	3	24	1,0	1	8,0		
3.03	Skilgreining á sérstöðu, samkeppnisforski, mynd og hagnýtingu	1	3	0	3	0	1	0	7	3	3	19	1,0	1	6,5		
3.04	"Kisildalur" skoðun sprotanna	1	3	0	7	1	1	0	3	7	1	21	1,0	1	4,9		
3.05	Sprotaláning - rödd sprotanna	1	7	1	3	1	7	1	3	3	1	25	1,0	1	5,2		
3.06	Vottun srotafyrirtækja	1	3	7	3	0	1	7	7	1	3	29	0,0	1	6,5		
3.07	Sprotavísitala	1	1	0	7	0	0	1	7	1	1	16	0,0	2	5,2		
3.08	Frá sprotu að stofni - og frá stofni að sprotum	1	1	0	3	0	0	0	1	1	3	9	2,0	1	4,9		
3.09	Markaðshöpur innan samtaka srotafyrirtækja	1	3	3	3	1	0	3	3	1	3	19	0,0	2	4,9		


1. FJÁRMÖGNUN

STEFNUMÓTUN SPROTAFYRIRTÆKJA



1. FJÁRMÖGNUN

STEFNUMÓTUN SPROTAFYRIRTÆKJA





2010

Samtenging við stefnumótunar sprota- og líftæknifyrirtækja

Líftæknifyrirtæki

1,01	Tölfræði/Hagstærðir Líftækninnar	15	1,0	1	4,3
1,02	Nýsköpunarsjóður - Framtaksfjárfestar - sjóðasjóðir	40	1,0	3	8,7
1,03	Þátttaka lífeyrissjóðanna í innlendri nýsköpun	37	1,0	2	8,9
1,04	Nýir framtaksfjárfestingarsjóðir, lífeyrissjóða, orkufyrirtækja og stórfjármagnseigenda	37	0,0	3	8,5
1,05	Fleiri fjárfestar	30	0,0	1	7,2
1,06	Stórefldur Nýsköpunarsjóður atvinnulífs	34	1,0	3	8,8
1,07	Sprotamarkaður - fjárfestingaþing með skattalegum hvötum	31	0,0	2	6,7
1,08	Tækniþróunarsjóður/Sprotar - milljarður á ári -	37	1,0	3	8,7
1,09	Hvað verður um opinbert fé sem úthlutað er til nýsköpunar og rannsókna	27	0,0	1	6,3
1,10	Skattaívilnanir til nýsköpunar	32	0,0	2	7,2
1,11	Samkeppnisstyrkir	31	1,0	3	7,9
1,12	Líftæknifyrirtæki búi til samstarfsverkefni til að sækja í sjóði	23	1,0	1	5,2
1,13	Aðstoð við að koma á verkefnum í samstarfi innan Rammaáætlunar EB	20	1,0	1	4,8
1,14	Opinbert fé notað sem gúlrot til að líma saman fjárfesta + frumkvöðla, styrkir, skilyrt la	32	1,0	1	6,1

Sprotafyrirtæki

1,01	Sprotamarkaður - skammtímaþvingun - skattahvati - langtímafjárfesting	20	0,0	3	7,2
1,02	Bætt fjármögnunarmhverfi/lobbýsti	37	0,0	2	7,9
1,03	Skattaafsláttur v/nýsköpunar	33	0,0	1	8,1
1,04	Með hvaða hætti er hægt að auðvelda tækjakaup hjá fjármögunarfyrirtækjum	8	3,0	1	4,5
1,05	Kortlagning á stuðningi úr mögulegum þróunarsjóðum	15	1,0	1	5,2
1,06	Virkja lífeyrissjóði til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum	31	1,0	1	8,7
1,07	Niðurfelling vörsluskatta sprotafyrirtækja	14	0,0	2	3,9
1,08	Tryggt fjármagn í nýsköpun	42	0,0	3	8,9
1,09	Stofnun sjóðasjóðs (Fund of Funds)	16	1,0	3	5,3
1,10	Efling tækniþróunarsjóðs sprotafyrirtækja	42	1,0	2	8,3
1,11	Endurskoðun á tilgangi og starfsemi Nýsköpunarsjóðs	26	1,0	2	7,7
1,12	Aðkoma banka að sprotafyrirtækjum breytt	20	0,0	2	6,1



Vinnupakkar

1. Nýsköpunarsjóður –
2. Lífeyrissjóðir - sjóðasjóðir
3. Tækniþróunarsjóður
4. Sprotamarkaður – bankar –
nýir aðilar
5. Skattalegir hvatar – bætt
umhverfi



2010

Nýsköpunarsjóður - sjóðasjóðir

SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJASI
Samtök iðnaðarins

Tillaga að verkefni/aðgerð

Númer:	Heiti verkefnis:	Forgangur	Staða
1.02	Nýsköpunarsjóður – Framtaksfjárfestar - sjóðasjóðir		

Markmið verkefnisins:

Að auka framboð fjármagns til nýsköpunar/sprotu með því að draga fé t.d. frá lífeyrissjóðinn framán á nýsköpunarkeðjuna

Stutt lýsing á framkvæmd:

Lögum um NSA verði breytt og honum heimilt að stofna hliðarsjóði (framtakssjóði með öðrum fjárfestum. 1 – 2 milljóðrum bætt í sjóðinn til þessa verkefnið sem gæti verið 20-30% af heildarpotti, en afgangur sóttur til lífeyrissjóða og e.t.v. fleiri.

Framkvæmdaaðilar – haqsmunaaðilar – samstarfsaðilar:

Iðnaðarráðuneyti/sjávarútvegsráðuneyti – NSA "Sjóðir"

Mat á ávinningi, umfangi og fl.

Ávinningur:	Meira framtaksfé	M.kr.
Mannaflaþorfi:		Tímar
Kostnaður:		M.kr.
Fjármögnun:		

Tillaga að verkefni/aðgerð

Númer:	Heiti verkefnis:	Forgangur	Staða
1.09	Stofnun sjóðasjóðs (Fund of Funds)		

Markmið verkefnisins:

Mynda áhættufjármagssjóð með 500 millj. króna stofné til fjárfestingar í arðvænum sprotafyrirtækjum. Tilgangurinn er ávöxtun til áframhaldandi fjárfestinga.

Stutt lýsing á framkvæmd:

Stofnaðilar verða Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, tveir lífeyrissjóðir, íslenskur viðskiptabanki og European investment fund (EIF)
Stofnaðilar mynda stjórn sem mótar fjárfestingarstefnu

Framkvæmdaaðilar – haqsmunaaðilar – samstarfsaðilar:

Sjóðurinn verður í umsjón NSA

Mat á ávinningi, umfangi og fl.

Ávinningur:		M.kr.
Mannaflaþorfi:		Tímar
Kostnaður:		M.kr.
Fjármögnun:		



2010

Tillaga að verkefni/aðgerð

Númer:	Heiti verkefnis:	Forgangur	Staða
1.02 / 1.06	Efling Nýsköpunarsjóðs	8,7 / 8,8	1/1
1.02/1.11		7,9/7,7	0/1

Markmið verkefnisins:

Að gera Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins kleift að vera framtaksfjárfestir sem tekur virkan þátt í þróun og vexti atvinnulífsins með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

Jafnframt að gera Nýsköpunarsjóði mögulegt að beita sér til þess að auka framboð á áhættufé frá öðrum fjárfestum.

Stutt lýsing á framkvæmd:

1. Styrkja á eiginfjárstöðu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um 1 - 2 milljarða úr ríkissjóði. Skynsamlegt er að nota fjármuni til þess sem fást við einkavæðingu, t.d. v/sölu Símans.
2. Heimila þarf Nýsköpunarsjóði að stofna til framtakssjóðs/-sjóða (sjóðasjóða) í samvinnu við aðra fjárfesta, ekki sist lífeyrissjóði. Sjóðirnir hafi starfstíma á bilinu 10 - 15 ár. Hluta af nýju eigin fé sjóðsins ætli að verja til stofnunar slíkra sjóða.
3. Heimila þarf Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins að taka langtímalán til þess að brúa bil sem myndast í fjárstreymi sjóðsins til þess ekki þurfi að koma til lengra eða skemmra hlés á nýfjárfestingum sjóðsins.
4. Lög og reglur um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins eiga að vera einföld og veita stjórn sjóðsins fullnægjandi svigrúm til þess að laga starfsemi sjóðsins að sibreytilegum aðstæðum.
5. Nýsköpunarsjóður og bakhjarlar hans, ásamt Samtökum líftækifyrirtækja og Samtökum sprotafyrirtækja þrýsti sameiginlega á stjórnvöld um þessar breytingar.

Framkvæmdaaðilar – haqsmunaaðilar – samstarfsaðilar:

Samtök iðnaðarins, Samtök líftækifyrirtækja, Samtök sprotafyrirtækja
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið

Mat á ávinningi, umfangi og fl.

Ávinningur:	1. Vænleg nýsköpunar- og sprotafyrirtæki eiga auðveldara með að afla sér nauðsynlegs eiginfjár.	M.kr.
Mannaflabórf:	2. Tryggara rekstarumhverfi.	Tímar
Costnaður:	3. Fleiri arðvænleg fyrirtæki.	M.kr.
Fjármögnun:		

SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

SI

Samtök iðnaðarins



2010

Tillaga að verkefni/aðgerð

Númer:	Heiti verkefnis:	Forgangur	Staða
1.03 /1.04	Hlutverk lífeyrissjóða við nýsköpun	8,9/ 8,5	1/0
1.06/1,09		8,7/5,3	1/1

Markmið verkefnisins:

Að auka fjármagn til fjárfestinga í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum með því að gera það að skilgreindu hlutverki lífeyrissjóða að leggja hluta af árlegu ráðstöfunarfé sínu til nýsköpunar á Íslandi.

Stutt lýsing á framkvæmd:

- Íslenskir lífeyrissjóðir setji sér stefnu um þátttöku í nýsköpun.
- Minnst 1% af því fé sem er til ávöxtunar á hverjum tíma fari til nýsköpunar.
- Lífeyrissjóðirnir taki þátt í framtakssjóði/-um með Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og öðrum fjárfestum eftir atvikum. Sjóðirnir hafi starfstíma á bilinu 10 - 15 ár og fjárfesti í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.
- Samtök iðnaðarins, Samtök líftækniyrirtækja og Samtök sprotafyrirtækja hafi frumkvæði að því að efna til fundar/ráðstefnu til þess að ræða þessi mál.

Framkvæmdaaðilar – hagsmunaaðilar – samstarfsaðilar:

Samtök iðnaðarins, Samtök líftækniyrirtækja, Samtök sprotafyrirtækja, Samtök atvinnulífsins, ASÍ
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, einstakir lífeyrissjóðir, samtök lífeyrissjóða, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið, fjármálaráðuneytið

Mat á ávinningi, umfangi og fl.

Ávinningur:	1. Stöðugt og nægt framboð til framtaksfjárfestinga. 2. Vænleg nýsköpunar- og sprotafyrirtæki eiga auðveldara með að afla sér nauðsynlegs eiginfjár. 3. Tryggjara rekstarumhverfi. 4. Fleiri arðvænleg fyrirtæki.	M.kr.
Mannaflapörf:		Tímar
Kostnaður:		:
Fjármögnun:		M.kr.

Umfang/Kostnaður:

Lítið = 1		Meðal = 2		Stórt = 3	
-----------	--	-----------	--	-----------	--

Árangur eða staða verkefnis:



SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA



Samtök iðnaðarins



2010

Tillaga að verkefni/aðgerð

Númer: Heiti verkefnis:

Forgangur Staða

1.08/1,10	Tækniþróunarsjóður/Sprotar – milljarður á ári	8,7/8,3	1/1
-----------	---	---------	-----

Markmið verkefnisins:

Tryggja aðgengi sprotafyrirtækja að mjúkum peningum án þess að vera í samkeppni við opinberar stofnanir
Tækniþróunarsjóður verði með ráðstöfunarfé a.m.k. 1 milljarður á ári (fyrir árið 2007). Auka vægi viðskiptalegra sjónarmiða í fagráðum.

Stutt lýsing á framkvæmd:

Vinna að því að auka framlög til samkeppnissjóðs sprotafyrirtækja, tækniþróunarsjóðs án samkeppni frá opinberum stofnunum – Aðskilinn hluti fjármögnunar fari til sprotafyrirtækja, annarra fyrirtækja og stofnana.

1. Efla skilning á því að fjármagni til r&þ starfsemi sé beint í gengum fyrirtæki en ekki stofnanir.
2. Taka málið upp í tengslum við ráðstefnuna "Hver græðir á sprotafyrirtækjum?"
3. Taka málið upp við iðnaðarráðherra og starfsmenn IVR og Rannís (ath. verklag við úthlutun úr Tækniþróunarsjóði).
4. Auka vægi sprotafyrirtækja í stjórn og fagráðum með fagaðilum í ráðum
5. Aðilar í fagráðum og nefndum með færni í að meta viðskiptahugmyndir.
6. Heimild Tækniþróunarsjóðs til að sækjast eftir hlutafé í sprotafyrirtækjum þarf að endurskoða.

Framkvæmdaaðilar – hagsmunaaðilar – samstarfsaðilar:

SI/SA/Samtök sprotafyrirtækja, Tækniþróunarsjóður án samkeppni frá opinberum stofnunum

Mat á ávinningi, umfangi og fl.

Ávinningur:		M.kr.	2 millj.
Mannaflaþórf:	6 millj. króna	Tímar	:
Kostnaður:		M.kr.	
Fjármögnun:			

Umfang/Kostnaður:

SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

SI

Samtök iðnaðarins



2010

Tillaga að verkefni/aðgerð

SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

Samtök iðnaðarins

Númer: Heiti verkefnis:

Förangur Staða

1.07/1.01

**Sprotamarkaður – skammtíma vinningur -
skattahvati - langtíma fjárfesting**

6,7/7,2

0/0

Markmið verkefnisins:

Auka áhuga almennings á þátttöku í sprotafyrirtækjum með skattalegum hvata, skammtíma vinningi og auka skilning á því að fjárfesting í sprotafyrirtæki er langtíma áhættufjárfesting. Flyta fyrir þróun sprotafyrirtækja í átt að því að verða öflug tækifyrirtæki skráð í Kauphöll Íslands.

Stutt lýsing á framkvæmd:

Í samvinnu við stjórnvöld, banka, Kauphöll Íslands að koma á sprotamarkaði sem byggir á þremur ólíkum þáttum:

1. Skammtíma (lottó) vinningi
2. Skattalegum hvata
3. Langtíma fjárfesting, sem útleysis við að fyrirtækið fer inn á Kauphöll Íslands eða við sölu

Efna til samstarfs við banka og Kauphöllina um framkvæmd verkefnisins. Meta þarf áhættuþætti og skilgreina lagaleg skilyrði fyrir að sprotafyrirtæki komist inn á sprotamarkaðinn (skilgreining að lögum og vottun). Gera viðskiptaáætlun fyrir stofnun sprotamarkaðarins og hrinda henni í framkvæmd.

Framkvæmdaaðilar – hagsmunaaðilar – samstarfsaðilar:

SI, bandar, stjórnvöld, Kauphöll Íslands

Mat á ávinningi, umfangi og fl.

Ávinningur:	Aukið fjármagn til sprotafyrirtækja	M.kr.	500-1000 millj
Mannaflapórf:		Tímar	1 ár
Kostnaður:	20-50 millj kr.	M.kr.	20-30 mill
Fjármögnun:	VÖma		

Umfang/Kostnaður:

Lítið = 1		Meðal = 2		Stórt = 3	X
-----------	--	-----------	--	-----------	---



2010

Tillaga að verkefni/aðgerð

Númer: Heiti verkefnis:

Forgangur Staða

1.10/1,03

Skattaafsláttur vegna nýsköpunar

7,2/8,1

0/0

Markmið verkefnisins:

Gera mönnum kleift að draga frá skatti fé sem varið er til fjárfestingar í sprotafyrirtækjum. (svipað og var áður með skattaafslátt vegna hlutabréfakaupa)

Skoða skattalegar hliðar varðandi kaupréttarsamninga starfsmanna.

Stutt lýsing á framkvæmd:

SI í samvinnu við félag sprotafyrirtækja koma á þessum lögum. Framkvæmd byggir á vottun sprotafyrirtækja (sjá verkefni 3.06) og tengist skilgreiningu þeirra að lögum (sjá verkefni 4.11). Þessi forsenda gæti einnig verið grunnur að skattalegum hvata varðandi sprotamarkaðinn (sjá verkefni 1.01).

Skoða skattalegar hliðar varðandi kaupréttarsamninga starfsmanna.

Framkvæmdaaðilar – hágsmunaaðilar – samstarfsaðilar:

SI, Samtök sprotafyrirtækja og SA í samstarfi við stjórnvöld.

Mat á ávinningi, umfangi og fl.

Ávinningur:

Mannalaþörf:

Kostnaður:

Fjármögnun:

M.kr.

Tímar

M.kr.

1 millj.

Umfang/Kostnaður:

Litið = 1

X

Meðal = 2

Stórt = 3

Árangur eða staða verkefnis:

Einkunn fyrir núverandi árangur (0-4):

0

Nafn:

Nafn þess sem kynnti verkefnið


Baldur

SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

Samtök iðnaðarins

2. STUÐNINGUR - AÐSTAÐA

STEFNUMÓTUN SPROTAFYRIRTÆKJA





2010

Tillaga að verkefni/aðgerð

Númer:	Heiti verkefnis:	Forgangur	Staða
2,01	Endurskipulagning á opinberu stoðkerfi iðnaðar	8,5	

Markmið verkefnisins:

Að auka hagkvæmni og skilvirkni allra opinberra framlaga til uppbyggingar á atvinnustarfsemi

Stutt lýsing á framkvæmd:

1. Ad-hoc greining á stuðningsumhverfinu í dag. (skoða fyrri samantektir, vefskoðun og samtöl – 2-3 daga vinna) (Ath. með að virkja Nýsköpunarhóp Rannís í þennan verkþátt)
2. Móta tillögur "sprotahóps" um áherslur og endurskipulagningu stoðkerfis
3. Koma tillögum á framfæri – skoða samstarfs- og hagsmunaaðila verkefnisins.
ath. (Sett er á fót nefnd atvinnulífsins og hins opinbera til að yfirfara opinbert stoðkerfi atvinnustarfseminnar)

Framkvæmdaaðilar – hagsmunaaðilar – samstarfsaðilar:

SI og Nýsköpunarhópur Rannís, viðskiptaráðuneytið

Mat á ávinningi, umfangi og fl.

Ávinningur:	Bætt starfsumhverfi sprotafyrirtækja	M.kr.	X
Mannaflapórf:	3 mán	Tímar	3 mán.
Kostnaður:		M.kr.	1,5 m.kr.
Fjármögnun:	Samtök (50%) opinbera (50%)		

Umfang/Kostnaður:

Lítið = 1		Meðal = 2		Stórt = 3	
-----------	--	-----------	--	-----------	--

Árangur eða staða verkefnis:

Einkunn fyrir núverandi árangur (0-4): 0

Nafn:

Nafn þess sem kynnti verkefnið Þorsteinn Þorgeirsson

SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

Samtök iðnaðarins



2010

Tillaga að verkefni/aðgerð

Númer:	Heiti verkefnis:	Forgangur	Staða
2,03	Hugarflugsfundur sprotafyrirtækja vs forystumenn stjórnarflokka og alþingsmanna	6,1	0

Markmið verkefnisins:

Fá hugmyndir frá leiðandi stjórnámálönnum – auka skilning þeirra – segja reynslusögur

Stutt lýsing á framkvæmd:

1. Kynningarfundur fyrir alþingismenn og fjölmiðla um niðurstöður stefnumótun í september.
2. Hluti af eftirfylgni varðandi ráðstefnu um "Hver græðir á uppbyggingu sprotafyrirtækja"

Framkvæmdaaðilar – hagsmunaaðilar – samstarfsaðilar:

Samtök sprotafyrirtækja, SI

Mat á ávinningi, umfangi og fl.

Ávinningur:	aukin skilningur	M.kr.
Mannaflaþorfi:		Tímar
Kostnaður:		M.kr.
Fjármögnun:		

Umfang/Kostnaður:

Lítið = 1		Meðal = 2		Stórt = 3	
-----------	--	-----------	--	-----------	--

Árangur eða staða verkefnis:

Einkunn fyrir núverandi árangur (0-4):

Nafn:

Nafn þess sem kynnti verkefnið | Gunnlaugur Hjartarson

Nafn:

SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

SI

Samtök iðnaðarins



2010

Tillaga að verkefni/aðgerð

Númer:	Heiti verkefnis:	Forgangur	Staða
2,11	Sköpum skilning á mikilvægi nýsköpunarstarfsemi	8,1	1

Markmið verkefnisins:

Að auka skilning fjárfesta, banka og opinberra aðila á mikilvægi nýsköpunarstarfsemi og hverra aðgerða er þörf

Stutt lýsing á framkvæmd:

Lögð verði vinna í að skilgreina ávinning nýsköpunarstarfsemi, hvernig hún skilar sér, hverjir eiga að koma að því og á hvern hátt. Ráðstefna, kynning og áróður

1. Athuga verkefni Rögvaldar Sæmundssonar og Birgiss Harðarsonar etf. skoða fleira sem vantar m.t.t. þess að svara því hver er ávinningurinn af nýsköpunarstarfseminni.
2. Undirbúa og útfæra ráðstefnu undir nafninu "Hver græðir á uppbyggingu sprotafyrirtækja?" í haust sem haldin yrði undir merkjum samtaka sprotafyrirtækja, SI og etv. í samstarfi við fleiri aðila.
3. Skilgreina eftirfylgni

Framkvæmdaaðilar – haqsmunaaðilar – samstarfsaðilar:

SI, Samtök sprotafyrirtækja í samstarfi við fleiri aðila. (banka, lífeyrissjóðir, IVR.....)

Mat á ávinningi, umfangi og fl.

Ávinningur:	aukið framl. til nýsköpunar	M.kr.	
Mannafloppur:	12 mannmánuðir	Tímar	
Kostnaður:		M.kr.	5 millj.
Fjármögnun:			

Umfang/Kostnaður:

Lítið = 1	<input type="checkbox"/>	Meðal = 2	<input type="checkbox"/>	Stórt = 3	<input checked="" type="checkbox"/>
-----------	--------------------------	-----------	--------------------------	-----------	-------------------------------------

Árangur eða staða verkefnis:

Einkunn fyrir núverandi árangur (0-4):	<input type="checkbox"/>
--	--------------------------


Nafn:

SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

Samtök iðnaðarins


3. MARKAÐSMÁL

STEFNUMÓTUN SPROTAFYRIRTÆKJA




4. SAMSTARF - STARFSSKILYRÐI

STEFNUMÓTUN SPROTAFYRIRTÆKJA



5. MENNTAMÁL

STEFNUMÓTUN SPROTAFYRIRTÆKJA



Eðli sprotafyrirtækja

- Mikil áhætta en mikil tækifæri:
 - Mjög slæm staða sprota
 - 80% deyja en 20% lifa.
 - Langur þróunarferill
 - Þekkingin lifir og flyst til nýrra fyrirtækja

Þekking er fjárfesting sem erfist

Fyrirtæki eru eins kynslóðir manna sem koma og fara. Þekkingin er fjárfesting, sem eyðist ekki heldur erfist mann fram af manni.



2010



SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA

SI

Samtök iðnaðarins

Vinum saman að
uppbyggingu hátækniiðnaðar
á Íslandi
SSP
Takk fyrir !